Staðfest deiliskipulag af svæðinu með áorðnum breytingum

Greinargerð:

Stækkun á bílastæða- og bílskúralóð.

Deiliskipulagsuppdráttur af íbúðabyggðinni við Háaleitisbraut ogFellsmúla var samþykktur i borgarráði 26.2.1963 og var þar gert ráð fyrir 16 bílskýlum við fjölbýlishúsið Háaleitisbraut 41 og 43. Með samþykkt skipulagsnefndar 12.3.1973 og borgarráðs 20.3.1973 var bílaskýlalóð breytt í bílastæða- og bílskúralóð og öllum íbúðum gefinn kostur á að byggja bílskúr. Var sú samþykkt aftur staðfest af skipulagsnefnd og borgarráði 1983.
Samkvæmt samþykkt skipulagsnefndar 22.01.1996 og samþykkt borgarráðs 26.01.1996 var bílastæða- og bílskúralóð Háaleitisbrautar 41 og 43 stækkuð úr 740 m² í 1559 m². Ekki reyndist unnt að skipuleggja þá lóð fyrir 26 bílskúra og bílastæði og er nú sótt um stækkun svo hægt sé að byggja 26 bílskúra og 38 bílastæði á lóðinni.
Í fjölbýlishúsinu eru 26 íbúðir og er gert ráð fyrir að hver íbúð hafi rétt til að byggja einn bílskúr samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 20.3.1973. Einnig er gert ráð fyrir að á lóðinni verði 39 bílastæði. Eru 26 þeirra fyrir framan væntanlega bílskúra og 13 fyrir framan blokkina. Samkvæmt byggingarreglugerð frá 1998 skulu vera 42 bílastæði á lóðinni og er kvöð uppfyllt með því að telja 26 bílastæði í bílskúrum, 26 fyrir framan og 13 til almennra nota en það eru samtals 65 stæði.
Þangað til að bílskúrar verða byggðir er lóðin skipulögð fyrir 40 bílastæði.

Gönguleið sem nú liggur yfir bílastæðalóð hússins verður flutt og gerður nýr göngustígur sem liggur frá botnlanga þeim er fjölbýlishúsið stendur við og á milli bílastæða- og bílskúrslóðar og lóðar Fjölbrautarskólans við Ármúla.

Skilmálar:

Á lóðinni má einungis byggja bílskúra.
Stærð bílskúra skal vera 3 x 7 metrar, þak skal vera einhalla og mesta hæð frá jörðu að þakbrún má vera 3,4 metrar. Útlit og litir skulu vera samræmdir.
Gólfkóti skal vera samkvæmt framlagðri deiliskipulagstillögu en þó má breyta kóta um allt að 30 sm. enda fylgi kótasetning landhæð.

Stærð lóðar fyrir stækkun 1559 m²
Stærð lóðar eftir stækkun 1750 m²
Byggingarmagn áætlað 573 m².
Nýtingarhlutfall 0.327.



AFSTÖÐUMYND

BREYTT DEILISKIPULAG, 1:500

Deiliskipulagsbreyting þessi var í kynningu frá 18 feb. 2002 – til 19 mars 2002

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 26. gr. sbr. 7. mgr. 43. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í ~~borgarráði~~ skipulags- og byggingarnefnd

þann 10. apríl 2002. Helga Bragadóttir

SKÝRINGAR:

Mörk deiliskipulags:

Lóðamörk:

Mörk byggingarreits:

Grænt svæði

Núverandi byggingar

Nýtt byggingarsvæði

Núverandi göngustigar

Nýr göngustigur

1:2000 — 100 0 100 200 m

1:500 — 10000 0 10000 20000 30000 40000 50000 mm

Eigi má fjölfalda þessa teikningu til notkunar fyrir þriðja aðila né breyta henni án leyfis VST.

Tölvuskrá K:\2000.01\52\teikn\HAAL-002.dwg

FRV

Blaðstærð	Teikn. nr.	Tilvisun á teikningu	Útgáfa	Breyting	Dagsetning	Gert	Samþ.	Útgáfa	Breyting	Dagsetning	Gert	Samþ.
A1												

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Ármúla 4 108 Reykjavík — Sími: 569 5000 — Fax: 569 5010
Glerárgötu 30 600 Akureyri — 462 2543 — 461 1190
Bjarnarbraut 8 310 Borgarnes — 437 1317 — 437 1311
Hafnarstræti 1 400 Ísafjörður — 456 3708 — 456 3965

Hannað AS | Teiknað SHJ | Yfirfarið | Samþykkt Ath. Skipulags- og byggingarnefnd 11.12.2002

HÁALEITISBRAUT 41–43, REYKJAVÍK

BÍLGEYMSLUR
BREYTT LÓÐAMÖRK
DEILISKIPULAG

Dagsetning ÁGÚST 2001 | Verk nr. 2000.152 | Teikn. nr. 0.02 | Útgáfa